

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2008, þriðjudaginn 24 júní, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **67. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður, Árni Kristjánsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Björgvin Árnason, Leifshúsum, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi fyrir 9 fermetra geymsluskúr á landspildu úr jörðinni Leifshúsum, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá framleiðanda.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

2. Einar Örn Grant, Litla-Hvammi, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á jörðinni Litla-Hvammi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Form, dags. 05.05.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

3. Ríkarður B. Jónasson, Lönguhlíð 3e, Akureyri, sækir um leyfi fyrir 9 fermetra geymsluskúr á lóð nr. 2 í sumarhúsahverfi á jörðinni Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá framleiðanda.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

4. Olíuverslun Íslands hf, Sundagörðum 2, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 39 í Heiðarbyggð, á jörðinni Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Guðmundi Gunnarssyni, dags. 21.06.2008, verk nr. 550-01.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

5. Olíuverslun Íslands hf, Sundagörðum 2, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 40 í Heiðarbyggð, á jörðinni Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Guðmundi Gunnarssyni, verk nr. 554-01.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

6. Heiðrún Guðmundsdóttir, Langagerði 15, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir breytingum og endurinnréttingu á íbúðarhúsinu að Meyjarhóli, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Guðmundi Gunnarssyni, dags. 19.06.2008, verk nr. 600-01.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

7. Páll Jónsson, Leifsstaðabrúnum 13, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir bíl/áhaldageymslu á lóð nr. 13 í Leifsstaðabrúnum, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Runólfi Þ. Sigurðssyni, dags. 11.11.2006, verk nr. 07115.

**Byggingarnefnd samþykkir teikningar af húsinu, en telur staðsetningu eins og hún er sýnd á afstöðumynd ekki ásættanlega. Nefndin bendir á að húsið þurfi að standa austar á lóðinni og ef ekki fæst undanþága frá RARIK um fjarlægðarmörk frá raflínu sem er á áætlun að fari í jörð ætti sveitarstjórn að draga til baka það leyfi sem búið er að veita fyrir húsinu.**

8. Ingvar Björnsson, Hafnarstræti 24, Akureyri, sækir um leyfi fyrir 20 feta gámi (jarðhýsi) á lóð nr. 27 í landi Leifsstaða, Eyjafjarðarsveit. Gámurinn verður grafinn í jörð og fyllt yfir hann að öllu leyti nema vesturendi þar sem hurðir verða teknar af og sett timburþil.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

9. Tómas Ingi Olrich, sækir um leyfi fyrir íbúðarhúsi á jörðinni Knarrarbergi, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Svan Eiríkssyni, dags. 10.06.2008. Fyrir liggur deiliskiplag af jörðinni.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

**10.** Björn Einarsson, Flétturima 14, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á skipulögðu frístundasvæði sem heitir Signýjarstaðir úr jörðinni Björk, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Gláma-Kím, dags. 01.06.2008, vek nr. 205034.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**11.** Skúli Magnússon, Hringteigi 11, Akureyri, Sækir um leyfi fyrir 20 feta geymslugám að Litluþúfu, Eyjafjarðarsveit, staðsetning er sýnd á meðfylgjandi afstöðumynd.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti um stöðuleyfi í eitt ár, miðað við gildandi byggingarreglugerð.**

**12.** Oddur Ævar Guðmundsson, Ártröð 5, Reykárhverfi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir bílskúr að Ártröð 5, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni AVH arkitektúr-verkfræði-hönnun, dags. 06.05.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**13.** Heimir Hreiðarsson, Eyrarvegi 14, Akureyri, sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi að Bakkatröð 5 Reykárhverfi, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. Teiknistofu, dags. 11.04.2008, verk nr. 08-309.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**14.** Þórgunnur Skúladóttir, Hjarðarhaga 54, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 2, á landspildu úr jörðinni Skriðu, Hörgarbyggð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá ABS teiknistofu, dags. 18.06.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00

Árni Kristjánsson  
Hermann Jónsson  
Jósavin Gunnarsson

Kristján Kjartansson  
Egill Bjarnason